

## **5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011**

### **Ályktun um mótun breyttrar kennaramenntunar og kennarastarfsins**

5. aðalfundur FG 17.-18. maí 2011 tekur heils hugar undir samþykkt 5. þings Kennara-sambands Íslands um breytta kennaramenntun og kennarastarfið og hvetur bæði menntamálayfirvöld og kennaramenntunarstofnanir til þess að fullmóta nýja kennaramenntun og kynna sem best og víðast í samfélaginu. Þannig verði stuðlað að því að hæfir og áhugasamir einstaklingar af báðum kynjum mennti sig til þess að verða kennarar.